

# KJARVAL

SS blóðmör,  
frosin, ósoðin

498 kr./kg

SS lifrarpylsa,  
frosin, ósoðin

558 kr./kg

## Hagkvæmt í heimabyggð



Egils Mix,  
2 l

198 kr./flk.



Toblerone,  
100 g

279 kr./flk.



Appelsínur

149 kr./kg

### Bókamarkaður - mikið úrval



499 kr./flk.



1490 kr./flk.



990 kr./flk.

KJARVAL Klaustur Sími 467 4616 Vlk. Sími 467 1325 Heilivökur Sími 585 7590 Þorlákshöfn Sími 585 7596 Helga Sími 585-7585

SJÁ OPNUNARTÍMA Á WWW.KJARVAL.IS

# VITINN

UTG. FRÉTTABUI SIMI: 4871429 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

### Endilega fleiri myndir!

Okkur hjá Vitanum langar ákaflega í fleiri barnamyndir til að setja á forsíðu Vitans. Síðan koma þær aftur í jólablaði Fréttabúa. Ef fólk vill síður að þær birtist í Vitanum getum við að sjálf-sögðu sleppt því og birt þær eingöngu í Fréttabúa. En endilega leyfið okkur að birta myndir af börnum ykkar. Þetta er sko folkið sem á að erfa landið. S



Á myndinni séð frá vinstri eru bræðurnir: Arnar Óli 3 ára, Egill Orri 6 mánaða, fæddist 24. mars 2010 og Bjarki Valur 5 ára  
Foreldrar: Guðný Ström Hannesdóttir frá Hvoli Skaftárhrepp og Ólafur Páll Bjarkason frá Þorlákshöfn, búsett í Reykjavík

SMÁAUGLÝSINGAR

### Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð.

Verð á Klaustri 9. - 10.  
október  
(laugardag og sunnudag)

Áhugasamir pantið  
tíma í síma:

587-2999 eða 866-0474

Sigrún Inga



### Á ekki einhver

í geymslunni hjá sér brjóst-  
gjafapúða í nothæfu ástandi.

Svleiðis hlut vantar nauðsyn-  
lega á elliheimilið Hjallatún í  
Vík

Uppl. eru hjá Þóru  
í síma 867 4423

40. TBL. 14. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 6. OKTÓBER 2010



## AÐALFUNDARBOÐ

Aðalfundur Framsóknarfélags Vestur-Skaftafellssýslu verður haldinn sunnudaginn 17. október n.k. á Hótel Laka. Fundurinn hefst klukkan 20:30.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Kjör fulltrúa á kjördæmisþing KSFS 2010
3. Önnur mál

Kaffveitingar í boði félagsins

Félagar fjölmennum til fundar!

Stjórnin

# Jólamarkaður

*Jólamarkaður verður haldin í Kirkjubæjarskóla  
Kirkjubæjarklaustri 20 nóvember.*

Þeir sem hafa áhuga á að vera með hafa samband  
við Erlu sími 897 7618 eða Rannveigu 865 7387

## Frá heilsugæslustöðinni á Klaustri og í Vík

Minum á að bólusetning gegn árlegri inflúensu er hafin. Vinsamlega bókið tíma á venjulegum opnunartíma stöðvanna.

**Tímamantanir í sínum: Klaustur: 480-5350 Vík: 480-5340**

### A DÖFINNI

Fylaveislan á Ströndinni laugardagskvöldið 6. nóvember

Þrjónakaffihúsið á Halldórskafti er næst fimmtud. 7. okt.

### Minningar úr Mýrdal

**Frumflutt á Regnbogahátíðinni 1.-3. okt**

*Ljóð: Hróbjartur Vigfússon*

*Lag: Auðbert Vigfússon*

Eg vil líta til liðinna daga  
ljúfa mynd upp í huga mér draga  
þegar sumar og sól, sveipar byggðir og ból  
þessum minningum held ég til haga.

Í dal milli dimmgrænna fjalla  
dreifast húsin um hliðar og stalla  
þetta er þorpið í Vík, þar er fegurðin rík  
og minn höfuðstað helst vil ég kalla.

Viðlag:

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll  
efalaust búa' í þeim álfar og tröll.

Ég sé bliku á báru á sænum  
bóndans töðu á túnbletti grænum  
og á bak við svo hjart, breiðist jökulsins skart  
þaðan áin sig liðar í lænum.

Viðlag:

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll  
efalaust búa' í þeim álfar og tröll.

Alltaf vekur mér sælu í sinni  
þessi sveit býr í hjarta mér inni  
og þegar sól gyllir sæ, yfir sveitir og bæ  
þannig ætíð hún er mér í minni.



Það má segja um Regnboga-markaðinn í Leikskálum að þar kenndi margra grasa. Mikið var af þrjónlesi svo og annað heimaunnið, bæði sultur, marmilaði og fl. Þá var heimaunnið "Hvannasíróp" framleitt af Æsu Gísladóttur í Norður-Vík. Þetta er hinn besti metall og enginn efast um hollustu afurða úr hvönninni, gott út á allt sem rennur. E.

### Tilboðsvara í október á 20% afslætti hjá Volare.

Nr. 1301 - 1303

Náttúrulegur farði

Einstakur farði sem fæst í þremur mismunandi litartönnum. Inniheldur litlar litaragnir sem gefa endingu á húð og einnig vatnsvörn. Án stein-efnaolíu. Auðvelt að bera á, þunnt eða þykkt eftir þínum vilja.

Gefur fallega og náttúrulega áferð á húð.

Fullt verð kr. 4.670.-

Tilboðsverð kr. 3.740.-

*Seunn, s. 8917810*

*Ps. Ef þú vilt bóka kynningu eru einhverjir dagar lausir seinnipartinn í okt. og meiriparturinn í nóv. og svo er jólagjafabæklingurinn að detta inn í vikunni*

## Hef til sölu:

Bón, bílasápu og aðrar hreinsivörur til að þrifa bíla að utan og innan. Smurólíu, gírolíu, sjálfsk.vökva, stýrisvökva, bremsuvökva, frostlög, rúðuvökva og annað slíkt fyrir bíla, vélar og tæki í 1ltr. 5ltr. 20ltr. og 200ltr. umbúðum.

Perur, rúðupurkur, síur, og bremsuvarahluti í flestar gerðir bíla. Fólksbíladekk og jepplingadekk. Rafgeymar frá 62ah í 100ah.

Get pantað stærri rafgeyma, allar gerðir af síum, vinnuljós, þokuljós, blikkljós, kerruljós (bæði 12v og 24v) glitaugu og ýmislegt fleira. Sanngjarnt verð á öllu.

**Uppl. í síma 853-3340 eða email [johann.ludviksson@yahoo.com](mailto:johann.ludviksson@yahoo.com)**

### Vel heppnuð Regnbogahátíð.

Segja má með vissu að þessi menningarveisla í Mýrdalnum sé búin að festa sig í sessi um ókomin ár.

Þetta var allt saman einstaklega vel heppnað þó svo veðrið væri leiðinlegt, lengst af rok og rigning, en fólk lét það ekkert á sig fá, hagaði bara seglum eftir vindi eins og sagt er.

Þá vildi svo skemmtilega til að Víkurþrjón fagnaði 30 ára starfsafmæli í byrjun hátíðarinnar föstudaginn 1. okt. þar sem um 300 manns sóttu fyrirtækið heim af þessu tilefni og nutu þar glæsilegra veitinga.

Þá skal greint frá flutningi á ljóði og lagi eftir þá bræður, Hróbjart og

Auðbert Vigfússyni, hvorutveggja sérlega fallett. Það var sönghópurinn *ljósin í bænum* sem fluttu við undirleik hljómsveitarinnar Granít og Kára Gestssonar organista sem lék á píanó

Þá var það sannarlega skemmtilegt að Dvalarheimilið Hjallatún bauð til veislu fagnaðar í lok hátíðarinnar. Þar söng Samkórinn lög og ljóð eftir Skaftfellinga. Ma. gullfalleg lög eftir Sigurjón Kjartansson kaupfélagsstjóra í Vík og Ástríði Stefánsdóttir í Litla-Hvammi.

Við segjum ítarlegra frá þessu í máli og myndum í næsta F.b . E.



## Verkalýðsfélag Suðurlands auglýsir

**almennur félagsfundur verður haldin í sal félagsins 2 hæð að Suðurlandsvegi 3 Hellu.**

**Fundartími: miðvikudagur 6. október 2010 kl. 20:30**

1. Kosning fulltrúa á ársfund ASÍ 21-22 október 2010
2. Staðan í samningamálum.
3. Önnur mál

Stjórnin



Augnlæknir á Kirkjubæjarklaustri

Harpa Hauksdóttir augnlæknir verður á Heilsugæslunni á Klaustri  
14. og 15. október n.k.

**Tímapantanir eru á Heilsugæslunni Klaustri í síma 480- 5350.**

## Félag eldri borgara í Skaftárhreppi

Boðar til fundar á Hótel Kirkjubæjarklaustri  
fimmtudaginn 14. október kl. 13:30.

Ræðum vetrarstarfið

Stjórnin

## Tölvunámskeið í Vík

Fyrirhugað er að halda námskeiðið Tölvur I í Vík.  
Námskeiðið hentar vel fyrir byrjendur í tölvunotkun.

- **Lýsing:** Námskeiðið er ætlað þeim sem hafa afar litla eða enga reynslu af tölvunotkun. Farið er í undirstöðuatriði tölvunnar og hvernig hún vinnur. Aðaláhersla er lögð á að gera þátttakendur færri um að vafra á netinu. Einnig er farið í tölvupóst og byrjunaratriði í Wordritvinnslunni. Þar sem námskeiðið er ætlað fyrir fáa í einu er hægt að sinna hverjum og einum persónulega.
- **Tími og staður:** Þriðjudagar og fimmtudagar  
26. október - 9. nóvember kl. 19-21. Víkurskóli, Vík.
- **Verð:** 20.900, námsefni innifalið
- **Kennari:** Ívar Páll Bjartmarsson
- **Fjöldi:** hámark 10 þátttakendur

Innritun stendur yfir í síma 480 8155 eða með tölvupósti  
[fraedslunet@fraedslunet.is](mailto:fraedslunet@fraedslunet.is)

Allar nánari upplýsingar má nálgast á <http://fraedslunet.is> eða  
í síma 480 8155



SKAFTÁRHREPPUR

## Auglýsing um deiliskipulagstillögu í Skaftárhreppi

*Samkvæmt 1. mgr. 25.gr. skipulags- og byggingarlaga nr 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögu.*

### Deiliskipulag ferðapjónustusvæðisins Mýrar, Hrífunesi

Skipulagssvæðið er 31 ha með aðkomu um Hrífunesveg nr.209, frá Hringvegi. Svæðið er óbyggt en þar hefur verið rekið tjaldsvæði um átatugaskeið. Gert er ráð fyrir uppbyggingu hótels og ferðapjónustu. Gert er ráð fyrir byggingu veitingahúss, aðalhúss og 18-20 tjaldhýsa sem eru gistirými hótelsins. Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps 2002-2014 og einnig í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 sem er í lögbundnu skipulagsferli.

Uppdrættir og önnur meðfylgjandi gögn liggja frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 15, Kirkjubæjarklaustri **frá 6. október til og með 3. nóvember n.k.** Einnig verður hægt að nálgast uppdretti og greinagerð á heimasíðu Skaftárhrepps [www.klaustur.is](http://www.klaustur.is)

**Athugasemdafrestur er til kl 16:00,  
miðvikudaginn 17. nóvember 2010.**

Athugasemdum ef einhverjar eru skal skila skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, fyrir lok ofangreinds frests. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast samþykkir henni.

f.h. Skaftárhrepps

Anton Kári Halldórsson. Yfirmaður tæknisviðs Skaftárhrepps

## Víkurprjón 30 ára. afmælissskvæði eftir Reyni Ragnarsson í Vík

Í þrjátíu ár hafa þelið unnið þrotlaust, þrjónað, kembt og spunnið. Þó aðrir hafi lagt upp laupa leist þeim best að reyna að þrauka.

Oft í keppni ójafn leikur ennþá stendur Þórir keikur. Erlend vara yfir flæðir en iðnaðinum heima blæðir.

Fatasaumur og tréiðn farin flest öll handiðn niður barin. Ullin flutt nær öll úr landi ekki talin hér vinnandi.

Allt skal betra úti löndum ódýrara í barna höndum. Aðeins skal um eitt að ræða auðjörfrar þeir skulu græða.

Gengis skráning lengst af galin greiðsla lægri í krónum talin. Víst má telja vondan tíma. Víkurþjóni erfið glíma.

Að Víkurþjón skuli velli halda er vert að færa til sögu spjalda. Ekki lent í uppboðssölu eða skipt um kennitölu.

Snyrtimennskan sést í verki sýnir þeirra aðals merki. Öll sem hérna verkin vinna að velferð okkar eru að hlyna.

Af visku bæði og virðing stjórnað vinnustundum mörgum fórnað. Starfsólkið tengt sterkum böndum starfað saman högum höndum.

Þakka vil með þessu kvæði þrautseigju og þolinmæði. Öllum þeim er að hér unnu og til verka sinna kunn.

Víkurþjón það lengi lifi um langa tíð þar klukkan tifi. Verði gæfu vinnusvæði Víkur stolt um vörugæði.

Vík 1. október 2010-10-04  
Reynir Ragnarsson

## Í fjárkaupum í Örafum

Þrjú fjárbændur í Mýrdalnum voru sl. laugardag í fjárkaupum í Örafum, komu með hálfan fjárflutningabíl til baka.

Það voru þeir Jónas í Fagradal, sem fékk 30 lífgimbrar, Ólafur Þorsteinn á Giljum með 60 og Einar Guðni á Sólheimum með 2 kynbótalamhrúta.

Að sögn þeirra félaga er þetta utan að vera til kynbóta, svona öryggisatriði varðandi heimaþinginn ásetning ef hann skyldi eitt-hvað bregðast vegna öskunnar.

Samkvæmt rannsóknum á heysýnum er járn magn í heyjum frá sl. sumri hátt, því verður að reikna með að gefa þurfi í vetur einhver snefilefni til jafnvægis á fóðrinu. Meira um þetta í næsta Fb. E.



## Mjólkurbíll valt í Skaftártungu

Mjólkurbíll frá MS valt á hliðina þegar vegkantur gaf sig á veginum við Hlíðarbæina í Skaftártungu í hádeginu í dag (mánudag).

Vegurinn var blautur eftir rigningar en bíllinn var á lítilli ferð þegar kanturinn gaf sig undan honum. Mjólkurbílstjórinn var einn á ferð og slapp ómeiddur. Hann var fluttur til skoðunar á heilsugæslustöðina á Kirkjubæjarklaustri.

Bifreiðin virðist ekki mikið skemmd en vegkanturinn þar sem bíllinn fór útaf er nokkuð hár. Bíllinn lenti á girðingu og fór girðingarstaur inn um rúðuna farþegamegin.

Í mjólkurtankinum voru um 10.000 lítrar af mjólk, eða rúmlega hálf fullur tankur. Tankurinn skemmdist ekki, svo að lítið af mjólk fór til spillis.

Starfsmenn MS dældu mjólkinni yfir á annan bíl áður en hægt er að rétta bílinn við.

Sunnlenska.is 4. okt. 2010 Mynd: Bryndís Harðardóttir

## Nýjar hugmyndir í landvörnum í Vík

Að sögn Ásgeirs Magnússonar, sveitarstjóra Mýrdalshrepps, er sú hugmynd komin upp að byggja grjótgard úr Víkurfjöru í sjó út með það að markmiði að fá sandinn sem stöðugt er á hreyfingu með ströndinni og fá hann til að stöðvast við gardinn og bæta þar með í fjöruna.

Að sögn Ásgeirs voru þeir hjá Siglingastofnun með fund með heima-mönnum í gær (mánudag), þar sem m.a. var sýnt tölvulíkan af slíkri framkvæmd.

Mun málið verða áfram til skoðunar. Hugsa má sér að þarna geti komið hin besta aðstaða fyrir smábáta útgerð.

Það verður spennandi að fylgjast með framvindu málsins. E



SKAFTÁRHREPPUR

## Félagsmálanefnd Skaftárhrepps,

auglýsir lausa til umsóknar leiguíbúð í íbúðum aldraðra að Klausturhólum 2, Kirkjubæjarklaustri.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Skaftárhrepps á eyðublöðum sem þar fást.

**Nánari upplýsingar hjá formanni félagsmálanefndar,  
Jónu Sigurbjartsdóttur í síma 4874636  
eða á skrifstofu Skaftárhrepps í síma 4874840.**



### Minningarreitur

Sl. laugardag kom hópur fólks saman í svonefnum Bæjarhálsi, skammt n.v. af Sólheimatungu. Þarna var um að ræða ættingja og vini Óskars heitins Þorsteinssonar frá Ytri-Sólheimum, en hann lést 7. júní sl. Erindið við Bæjarháls var að koma upp þarna minningarreit um Óskar. Reiturinn var afmarkaður og girtur, þá voru gróðursettar þarna á þriðja hundrað trjáplöntur. Þessi reitur er úr landi Ytri-Sólheima. Voru þeir bræður, Óskar og Ragnar komnir með hugmynd að byggja sér hús þarna. Það var áður en þeir fengu Brekkurnar. E.



# Grafarkirkja

**Sunnudagurinn 10. október 2010**

Hópur unglinga úr Skaftárhreppi fer á Landsmót ÆSKÞ á Akureyri helgina 15. - 17. október.

Næsta sunnudag 10. október ætlar hópurinn að þjóna ásamt sóknarpresti við æskulýðsguðsþjónustu í Grafarkirkju kl. 14.00. Þar mun sunnudagaskólinn og hefðbundnir messuliðir fléttast saman. Unglingar og börn munu syngja, leika á hljóðfæri, lesa ritningarlestra, flytja hugvekjur og leiða bænir. Ásakórinn og Kirkjukór Prestsbakkakirkju leiða söng undir stjórn Brians Rogers Haroldssonar.

Fjölmönnum og eigum góða stund saman.  
Sóknarprestur

## *Regnboginn- list í fögru umhverfi*

Undirbúningsnefnd Regnbogans þakkar öllum þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn til að gera hátíð liðinnar helgi mögulega.



Fyrirtæki, sjóðir og einstaklingar sem lögðu fram styrki til að fjármagna hátíðina, allir listamenn og handverksfólk sem tóku þátt í dagskránni og síðast en ekki síst heimamenn og gestir sem mættu á viðburði og nutu þess sem boðið var upp á, hafið öll heila þökk fyrir frábæra helgi.

Á lista yfir styrktaraðila í bæklingi Regnbogans féll niður nafn Dyrhólaeyjarferða og er beðist velvirðingar á því.

**"Þar sem kærleikur og snilli taka höndum saman getur þú vænst meistaraverks"**

**(höf.óskunnur)**

Sif, Helga og Þorgerður